

Ár 2009, mánudaginn 6. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp dómur í máli nr. E-83/2008:

Skógræktarfélag Rangæinga

(Guðjón Ármannsson hdl.)

gegn

db. Bergsteins Gizurarsonar

(Guðmundur Óli Björgvinsson hrl.)

Lúðvík Gizurarsyni,

Jóni Benediktssyni,

Svölu Jónsdóttur,

Jónshúsum ehf.,

Félagsvelli ehf. og

Ingvari Þorsteinssyni

(Ólafur Eiríksson hrl.) og

Veiðifélagi Eystri-Rangár

til réttargæslu.

(Ólafur Eiríksson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 9. febrúar sl., er höfðað með stefnu birtri 7.-14. janúar 2008.

Stefnandi er Skógræktarfélag Rangæinga, kt. 000000-0000, Kaldbaki, Rangárþingi ytra.

Stefndu eru Lúðvík Gizurarson, kt. 000000-0000, Norðurgarði 1, Hvolsvelli, db. Bergsteins Gizurarsonar, kt. 000000-0000, Öldubakka 23, Hvolsvelli, Jón Benediktsson, kt. 000000-0000, Nýbýlavegi 40, Hvolsvelli, Svala Jónsdóttir, kt.

000000-0000, Smárahvammi 6, Hafnarfirði, Jónshús ehf., kt. 000000-0000, Álftamýri 65, Reykjavík, Félagsvöllur ehf., kt. 000000-0000, Grandavegi 42, Reykjavík og Ingvar Þorsteinsson, kt. 000000-0000, Markarskarði, Rangárþingi eystra. Réttargæslustefndi er Veidifélag Eystri Rangár, kt. 000000-0000, Akri, Rangárþingi eystra.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði að hann eigi sem eigandi jarðarinnar Kotvallar í Rangárþingi eystra veiðirétt í Eystri-Rangá og Fiská í sama sveitarfélagi. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt reikningi.

Dómkröfur stefndu Lúðvíks, Jóns, Svölu, Jónshúsa ehf., Félagsvallar ehf. og Ingvars eru þær að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins

Dómkröfur stefnda db. Bergsteins Gizurarsonar eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda en hann gerir kröfu um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir.

Stefnandi mun vera eigandi jarðarinnar Kotvallar í fyrrum Hvolhreppi, nú í Rangárþingi eystra og heldur stefnandi því fram að í heimildum greini frá því að jörðin hafi verið byggð úr jörðinni Velli og hafi átt land út að Eystri Rangá. Stefndu telja hins vegar að jörðin hafi aldrei tilheyrt Vallartorfunni og aldrei hafa átt land út að Eystri Rangá. Stefnandi vísar til þess að samkvæmt lögfestum fyrir Kotvöll og dómi landamerkjadóms Rangárvallasýslu frá 1922 hafi jörðin átt land að ánni. Árið 1963 hafi verið framkvæmd landskipti Vallarjarða og Kotvallar á því óskipta landi jarðanna sem legið hafi að Eystri Rangá og Fiská. Hafi Kotvelli verið skipt út landi þann 15. júlí og merki þeirrar jarðar staðsett sérstaklega gagnvart Vallartorfu. Hafi skiptum því næst verið frestað um óákveðinn tíma. Þann 7. september sama ár hafi skiptum verið fram haldið en þá hafi því óskipta landi sem eftir hafi staðið verið skipt milli jarða í Vallartorfu, þ.e. Bakkavallar, Markarskarðs, Vallarhjáleigu, Vallar 1 og Vallar 2. Eftir landskiptin mun Kotvöllur hvorki hafa átt land að Eystri Rangá né Fiská.

Stefnandi heldur því fram að eigendur Kotvallar á hverjum tíma hafi verið aðilar að Veidifélagi Rangæinga frá stofnun þess árið 1960, en stefndu halda því fram að félagið hafi verið stofnað fyrr og hafi eigendur Kotvallar ekki verið aðilar að því. Hafi Fiskiræktarfélagið Rangá verið forveri veiðifélagsins og benda stefndu á gjaldskrá frá árinu 1931 þessu til stuðnings. Árið 1999 mun hafa verið samþykkt arðskrá fyrir Eystri Rangá og var hún staðfest af landbúnaðarráðherra 26. apríl sama ár og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Komi fram í arðskránni að Kotvöllur og Vallartorfa (Bakkavöllur, Markarskarð, Vallarhjáleiga, Völlur 1 og Völlur 2) beri sameiginlega 1414 einingar af 10.000 í ánni. Þá segi einnig að Vallartorfa og

Kotvöllur beri sameiginlega 131 eining vegna Fiskár. Stefnu halda því hins vegar fram að sú arðskrá sem birt hafi verið í Stjórnartíðindum hafi ekki verið í samræmi við þá arðskrá sem borin hafi verið upp til samþykktar á aðfundi veiðifélagsins 25. mars 1999. Eftir gildistöku arðskrárinnar hafi komið upp ágreiningur um með hvaða hætti skyldi skipta arði innbyrðis milli jarðanna og þá hafi stefnu farið að bera brigður á að stefnandi ætti nokkurn rétt við arðs vegna Kotvallar. Hafi stjórn réttargæslustefnda þá ákveðið að arðgreiðslur til jarðanna skyldu lagðar inn á sérstakan reikning þar til niðurstaða fengist um ágreining aðila. Á aðalfundi réttargæslustefnda 17. nóvember 2002 var samþykkt að arður til jarðanna Vallar 1, Vallar 2, Bakkavallar, Vallarhjáleigu og Markarskarðs vegna veiðihlunninda yrði tafarlaust greiddur. Jafnframt skuldbundu eigendur torfunnar sig til að endurgreiða þann hlut sem Kotvelli yrði hugsanlega dæmdur í dómsmáli vegna kröfu jarðarinnar um veiðirétt. Stefnandi fékk lagt lögbannt við því 22. nóvember 2002 að arðurinn yrði greiddur út til eigenda torfunnar, en héraðsdómur féllst ekki á að skilyrði lögbanns væru fyrir hendi og var sú niðurstaða staðfest í Hæstarétti 9. október 2003. Hinn 16. ágúst 2006 munu eigendur Vallartorfu hafa gert samkomulag um skiptingu arðsins og jafnframt ábyrgðust þeir allir sem einn arðshlut eigenda Kotvallar yrði honum dæmdur veiðiréttur í Eystri Rangá. Arðurinn mun hafa verið greiddur út til eigenda Vallartorfu í september 2006 og nam upphæð hans 14.000.000 króna.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að stefnu séu bundin við efni arðskrárinnar sem samþykkt hafi verið á aðalfundi Veiðifélags Eystri Rangár 25. mars 1999. Hafi fulltrúar allra jarða Vallartorfu mætt á fundinn nema eigandi Vallar 2. Arðskráin hafi verið samþykkt samhljóða, boðað hafi verið til fundarins með löglegum hætti og allar ákvarðanir hans því bindandi fyrir félagsmenn. Landbúnaðarráðherra hafi samþykkt arðskrána og hún verið birt í Stjórnartíðindum. Samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, geti félagsmaður sem telji gengið á rétt sinn með arðskrá, krafist mats samkvæmt 95. gr. laganna. Eigendur jarða í Vallartorfu hafi ekki beitt þessu úrræði endi sýni gögn málsins að enginn ágreiningur hafi staðið um arðskrána þegar hún hafi verið samþykkt 1999. Beri því þegar af þessari ástæðu að fallast á veiðirétt stefnanda þar sem eigendur torfunnar hafi beint og óbeint samþykkt að eigendur Kotvallar á hverjum tíma skyldu eiga tilkall til arðs af ánni.

Í öðru lagi byggir stefnandi á því að aðild eigenda Kotvallar að Veiðifélagi Rangæinga og Veiðifélagi Eystri Rangár sýni að ávallt hafi verið litið svo á að þeir ættu veiðirétt í Eystri Rangá. Í stofnsamþykktum fyrrnefnda félagsins frá 8. apríl 1960 sé Kotvöllur tilgreindur meðal þeirra jarða sem land hafi átt að Hólsá, Ytri Rangá, Þverá og Eystri Rangá og lækja sem í þær renna. Í 9. gr. samþykktanna komi fram að arði af sameiginlegri veiði skyldi skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá og hafi allir fundarmenn á aðalfundi Veiðifélags Rangæinga þennan dag greitt samþykktunum atkvæði sitt, þar á meðal a. m. k. tveir eigendur jarða í Vallartorfu, Vallar og Bakkavallar. Hafi einhverjir eigendur jarða í Vallartorfu ekki mætt á fundinn breyti það ekki því að þeir séu bundnir við samþykktir félagsins um

aðild Kotvallar. Nýjar samþykktir hafi verið gerðar fyrir veiðifélagið árið 1994 og hafi Kotvallar aftur verið getið meðal þeirra jarða sem land eigi að umræddu vatnasvæði. Hafi báðar þessar samþykktir verið staðfestar af landbúnaðarráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Í sérstökum samþykktum fyrir Veiðifélag Eystri Rangár sem staðfestar hafi verið á aðalfundi félagsins 10. nóvember 1991 sé Kotvallar enn á ný getið meðal þeirra jarða sem skapi eigendum aðild að félaginu. Hafi fulltrúi Kotvallar, Markús Runólfsson, verið kosinn endurskoðandi félagsins og tveimur árum síðar hafi hann tekið við formennsku í því og gegnt því starfi til dánardags 2002. Hafi engar athugasemdir komið fram við þá formennsku né stjórnarsetu Hermanns Sveinssonar, ábúanda á Kotvelli, um árabíl.

Stefnandi byggir á því í þriðja lagi að Kotvöllur hafi átt land að Eystri Rangá allt til ársins 1963 en þá hafi farið fram landskipti Kotvallar og Vallartorfu. Þá megi af lögfestum frá 1731, 1753 og 1776 ráða að suðvesturmörk Kotvallar séu frá Svarthóli og svo sjónhending rétta undan þessum takmörkunum út í Rangá. Þá komi einnig fram í lögfestunum að jörðinni fylgi vötn og veiðiréttur og staðfesti dómur landamerkjadóms Rangárvallasýslu frá 20. september 1922 efni lögfestnanna. Í málinu hafi verið deilt um mörk Kotvallar og Efra Hvols sem liggja að vestan. Hafi niðurstaða dómsins orðið sú að merki milli jarðanna væru úr Mið-Grjóthól á Íraheiði beina stefnu í vörðu spölkorn fyrir suðvestan sauðahús Kotvallar og þaðan aftur beina stefnu í þúfu þá sem er vestan við Flóðalækinn út við Rangá. Hafi í málinu verið lagðir fram fjölmargir vitnisburðir um að land Kotvallar næði út að Rangá og hefði jörðin m.a. átt kúabeit út við ána. Stefnandi byggir á því að Kotvöllur hafi átt land í óskiptri sameign með Vallartorfu, enda hafi jörðin verið byggð út úr landi Vallar eins og fram komi í byggðasögunni Sunnlenskum byggðum IV sem gefin hafi verið út 1983. Hafi landið norðvestan við Kotvöll verið í óskiptri sameign jarðanna og sé það skýringin á því að eldri merkjalýsingar Kotvallar liggja í hálfhring, þ.e. merkjum til norðvesturs sé ekki lokað. Þá bendir stefnandi á framangreindar lögfestur þar sem segi að landnytjar eigi „aðrar jarðir ímóti“. Þá sýni landskipti jarðanna 1963 skýrt að jarðirnar allar hafi átt land í óskiptri sameign og sé engum vafa undirorpið að landinu hafi verið skipt eftir landskiptalögum nr. 46/1946. Ef einungis hefði verið um að ræða ágreining um merki Kotvallar við Vallartorfu hefði ekki verið leyst úr málinu á grundvelli þeirra laga heldur eftir ákvæðum landamerkjalaga nr. 41/1919. Eftir skiptin hafi Kotvöllur ekki lengur átt land að Eystri Rangá en veiðiréttur jarðarinnar hafi haldist óbreyttur og áfram í óskiptri sameign, enda beinlínis óheimilt að skipta hlunnindum, sbr. 3. gr. landskiptalaga.

Stefnandi bendir á að arðskrá Eystri Rangár sé þannig sett upp að reiknaðar séu einingar fyrir þrjár ár, Eystri Rangá, Stokkalæk og Fiská. Sé miðað við að Fiská eigi 1512 einingar af hinum 10.000 einingum Eystri Rangár. Eftir landskiptin 1963 eigi Vallarhjáleiga, ein jarða í Vallartorfu, land að Fiská. Engu að síður miði arðskráin við að Kotvöllur og allar fimm jarðirnar í Vallartorfu eigi að fá greiddan arð fyrir Fiská. Megi því ætla að flestir stefndu hafi fallist á að hlunnindum hafi ekki verið skipt 1963.

Í fjórða lagi byggir stefnandi á því að ábúendur Kotvallar á hverjum tíma hafi hefðað veiðirétt fyrir því landi Vallartorfu sem áður var í óskiptri sameign. Liggja fyrir yfirlýsing Hermanns Sveinssonar, sem búið hafi á Kotvelli 1921-1989, að veiði hafi ávallt verið stunduð í Eystri Rangá frá jörðinni. Hafi veiðin þótt góð búdrýgindi og verið ótalin af öðrum. Liggja fyrir að veiðin hafi staðið a.m.k. í 40

ár og séu því uppfyllt skilyrði 1. tl. 3. gr. hefðarlaga nr. 46/1905. Til vara er byggt á því að uppfyllt séu ákvæði 8. og 9. gr. hefðarlaga um afnotahefð.

Stefnandi vísar um lagarök til 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. 1. samningsviðauka Mannréttindasáttmála Evrópu. Þá er vísað til núgildandi lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006, einkum II. og VI. kafla og áðurgildandi lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970, einkum II. og IX. kafla. Þá er byggt á ákvæðum landamerkjálaga nr. 41/1919 og landskiptalögum nr. 46/1946. Krafa um málskostnað er reist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefndu, annarra en dánarbúsins.

Stefndu byggja sýknukröfu sína aðallega á aðildarskortu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, þar sem stefnandi hafi aldrei átt land að bökkum Rangár, en það hafi frá öröfi verið grundvallarskilyrði veiðiréttar. Hafi Jónsbók byggt á þeirri meginreglu að landeigandi ætti einkarétt til veiða á landi sínu, sbr. 56. kap. Landleigubálks. Svipuð ákvæði hafi verið í Grágás, en meginreglan hafi verið að landeigandi hafi einn átt rétt til að veiða fisk í vötnum í landi sínu. Þá vísa stefndu til 208. kap. Konungsbókar og 438. kap. Staðarhólsbókar. Þá benda stefndu á veiðitilskipun frá 20. júní 1849, sem einkum átti við dýraveiðar aðrar en fiskveiðar, en samkvæmt henni áttu jarðeigendur einir alla dýraveiði í landi sínu. Þá hafi verið bannað að skilja að veiðirétt og land, skyldi veiðiréttur fylgja ábúð og var lagt bann við stofnun víðiitaka. Með vatnalögum nr. 15/1923 hafi verið lagt bann við því að skilja veiðirétt að nokkru leyti við landareign nema um tiltekið árabíl, eigi lengra en 10 ár í senn. Hafi ekki mátt lengja þann tíma nema með leyfi ráðherra. Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/1932 og 112/1941 hafi takmarkað enn frekar ráðstöfunarrétt yfir veiði og hafi nú verið bannað að skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu frá landareign, hvort heldur fyrir fullt og allt eða um tiltekinn tíma. Hafi sú undantekning verið gerð að skilja mátti rétt til stangaveiði frá landareign um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 10 ár nema með leyfi ráðherra. Sömu takmarkanir hafi verið í lögum um lax- og silungsveiði nr. 53/1957 og nr. 76/1970. Telja stefndu því ljóst að stefnandi eigi enga aðild að máli vegna veiðiréttar í ám er hann eða fyrri eigendur Kotvallar hafi aldrei átt land að. Gegn skýrum ákvæðum framangreindra laga geti stefnandi ekki öðlast aðild að veiðiréttarmáli vegna mistaka veiðifélags eða birtingar arðskrár sem ekki hafi verið í samræmi við lög og reglur.

Stefndu mótmæla því að þau séu bundin við efni arðskrár sem samþykkt hafi verið á fundi Veiðifélags Eystri Rangár 25. mars 1999 og telja hana ekki geta veitt þeim, sem samkvæmt henni eigi að fá greiddan arð vegna veiði, sjálfstæðan veiðirétt í á sem viðkomandi eigi ekki land að. Sé ekki hægt að komast hjá skýrum lagaákvæðum varðandi það að veiðiréttur verði ekki skilinn frá landi. Sé því ekki unnt að öðlast veiðirétt á grundvelli veiðiskrár án eignarhalds á landi við ána. Væri þannig verið að heimila framsal veiðiréttar frá landi þvert á skýr lagafyrirmæli um annað.

Stefndu byggja á því að arðskrá sú sem samþykkt hafi verið 25. mars 1999 sé í ósamræmi við arðskrána sem birt hafi verið í Stjórnartíðindum. Í þeirri tillögu sem legið hafi fyrir fundinum hafi ekki verið vikið að Kotvelli nema í neðanmálsgrein og hafi stefndu því talið sýnt að Kotvöllur yrði að sækja veiðirétt á eigendur jarða í Vallartorfunni, en ekki að eigendur torfunnar yrðu að afsanna að Kotvöllur ætti veiðirétt og rétt til arðs af veiði. Hafi arðskráin með einhverjum hætti breyst eftir samþykkt aðalfundarins á þann veg að Kotvelli hafi verið splæst aftan við Vallartorfuna. Telja stefndu að fulltrúi eiganda Kotvallar, Markús Runólfsson, hafi heimildarlaust breytt samþykktri arðskrá eftir að honum hafi borist athugasemdir frá ráðuneytinu við hinni samþykktu arðskrá.

Þá byggja stefndu á því að komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að arðskráin sé löglega samþykkt og birt og veiti því stefnanda rétt til arðs af veiði úr Rangá, geti hún ekki myndað eignarrétt eða veiðirétt. Ekki sé verið að ráðstafa veiðirétti með arðskránni, heldur eingöngu arði sem til sé kominn vegna veiði í ánni. Heimilt sé að framselja tekjur af veiðirétti yfir á aðila sem ekki eigi veiðirétt, t.d. með leigu áa. Geti löglega gerð og samþykkt arðskrá eingöngu veitt stefnanda rétt til greiðslu arðs af veiðinni en ekki veiðiréttinn sjálfan. Þar sem stefnandi krefjist viðurkenningar á veiðirétti en ekki greiðslu arðs, verði að sýkna stefndu á grundvelli þessarar málsástæðu.

Stefndu mótmæla því að enginn ágreiningur hafi staðið um arðskrána er hún var samþykkt. Hafi stefndu og aðrir eigendur Vallartorfu mótmælt allir sem einn. Ástæða þess að ekkert hafi verið bókað um mótmælin á fundinum sé sú að formaður veiðifélagsins, Markús Runólfsson, hafi fullyrt við fulltrúa torfunnar að arðskráin hefði ekki nokkur áhrif á deilur aðila torfunnar og Kotvallar um veiðirétt, enda hafi önnur arðskrá verið samþykkt á fundinum en birt hafi verið í Stjórnartíðindum.

Stefndu mótmæla því að ávallt hafi verið litið svo á að aðild eigenda Kotvallar sýni að þeir ættu veiðirétt í Eystri Rangá. Veiðifélagið hafi ekki verið stofnað árið 1960 eins og stefnandi haldi fram, heldur megi rekja sögu þess til ársins 1931. Ástæða þess að fulltrúi Hvolsvallar hafi setið fund veiðifélags Rangæinga 8. apríl 1960 hafi verið sú að hann haft mikinn áhuga á veiði. Hafi því ekkert verið talið því til fyrirstöðu að hann væri aðili að félaginu, enda hafi hann ekki verið sá eini sem ekki hafi átt land að Eystri Rangá og átt félagsaðild. Þá benda stefndu á að ekki eingöngu þeir sem átt hafi land að ánum hafi átt aðild, heldur einnig þeir sem átt hafi land að lækjum sem í árnar hafi runnið.

Stefndu vísa til umfjöllunar um sýknukröfu vegna aðildarskorts og telja ekki hægt að komast hjá skýrum lagaákvæðum þess efnis að veiðiréttur verði ekki skilinn frá landi. Hafi aðild eigenda Kotvallar verið byggð á veiðiáhuga þeirra en ekki veiðirétti. Hafi mönnum aldrei dottið í hug að Kotvöllur ætti veiðirétt í ánni og hafi það ekki verið fyrr en Markús Runólfsson kom að rekstri og framgangi stefnanda að sú hugmynd hafi komið upp.

Stefndu byggja jafnframt á því að Kotvöllur hafi aldrei átt land út að Eystri Rangá. Árið 1922 hafi gengið dómur í landamerkjamáli milli eigenda Efra-Hvols og eiganda Kotvallar og ætti að vera óumdeilt að ekki hafi verið deilt um landamerki við Vallartorfuna, enda hefðu eigendur jarða þar þá verið aðilar að

málinu. Komi skýrt fram í dómnum að ekki sé fallist á að með fjórum lögfestum eða vottorðum séu landamerki sönnuð gagnvart Efra-Hvoli. Ástæðan sé sú að verði landamerki úr Leynigróf ákveðin sjónhendingu rétta út í Rangá, eins og lögfestur geri ráð fyrir, teljist stór spilda úr Efra-Hvolsnesi sem viðurkennd hafi verið réttmæt eign þeirrar jarðar, eign Kotvallar. Hafi því ekki verið unnt að taka kröfur umráðamanns Kotvallar að því leyti til greina. Styðji því ekkert í þessum dómi þær fullyrðingar stefnanda að Kotvöllur hafi átt land út í Eystri Rangá. Með tilvísun í þúfu sem sé vestan við Flóðalækinn út við Rangá sé eingöngu verið að finna beina línu til að skilja að landamerki Efra-Hvols og Kotvallar. Séu landamerki Kotvallar á annan kílómetra frá Rangá og því fráleitt að telja þúfuna vera endamörk landamerkja við Efra-Hvol. Stefndi mótmælir því að fjölmargir vitnisburðir hafi verið lagðir fram um að land Kotvallar næði að Rangá. Stefnandi hafi aðeins lagt fram bréf Þuríðar Ólafsdóttur, en ekkert tillit hafi verið tekið til bréfsins í dómnum. Þá sé ljóst að kúabeit sem hún minnst á og Kotvallarbóndi hafi greitt árlegt árgjald fyrir og hins vegar mjó spilda af nesinu sem hún hafi talið Kotvelli eiga, tengist landi Efra-Hvols. Séu fullyrðingar stefnanda réttar um að hann hafi átt land að Eystri Rangá á grundvelli lögfesta og vottorða væri um að ræða land sem teljist í eigu Efra-Hvols í dag og því hluti af veiðirétti Efra-Hvols í Rangá, en sú jörð sé ekki aðili þessa máls.

Stefndu mótmæla því að Kotvöllur hafi átt land í óskiptri sameign með Vallartorfu og hafi engin gögn verið lögð fram því til stuðnings. Nægi ekki tilvísun til ritsins Sunnlenskar byggðir og telja stefndu að Hermann Sveinsson, fyrrverandi ábúandi Kotvallar, hafi samið umfjöllunina um Kotvöll í ritinu. Stefnu segja ástæðu þess að landamerkjum Kotvallar til norðvesturs hafi ekki verið lokað sé sú að umrætt landamerkjumál frá 1922 hafi eingöngu verið milli Efra-Hvols og Kotvallar og hafi Vallartorfan enga aðild átt að því. Hefði verið um óskipta sameign að ræða hefði Vallartorfan þurft að vera aðili málsins.

Stefndu telja stefnanda misskilja landskiptin frá 1963. Í fyrri hluta landskiptanna hafi verið byrjað á því að athuga afstöðu Kotvallar gagnvart Vallartorfu en ekki hafi verið um að ræða land í óskiptri sameign. Hafi úttektarmenn eingöngu verið að framfylgja ákvæðum 9. gr. laga nr. 46/1941 er þeir leituðu samkomulags um landamerki við Kotvöll, áður en skiptin byrja, eins og segi í lögunum. Landskiptalögin leggi þá skyldu á úttektarmenn að finna landamerki þess lands sem skipta eigi gagnvart samliggjandi jörðum, séu landamerki óviss. Kotvöllur hafi ekki verið aðili að landskiptunum 1963. Þegar landamerki Vallartorfu við Kotvöll hafi verið fundin hjá úttektarmönnum með samkomulagi aðila sé miðað við landamerkin frá 1922. Sé þá enn rætt um sömu þúfu vestan við Flóðalækinn og áður og því ekki verið að taka land af Kotvelli sem jörðin hafi átt að Rangá, enda hefði slíkt varla verið gert með samkomulagi aðila.

Stefndu byggja á því að hefð geti aldrei veitt aðila veiðirétt í á sem viðkomandi eigi ekki land að og vísa stefndu til fyrri rökstuðnings um að veiðiréttur verði ekki skilinn frá landi. Þá mótmæla stefndu þeirri yfirlýsingu Hermanns Sveinssonar að veiði hafi ávallt verið stunduð í Eystri Rangá frá Kotvelli, veiðin hafi þótt góð búdrýgindi og verið látin óátalin af öðrum. Hermann hafi verið með mikla veiðidellu og haft gaman af því að veiða í ánni. Sé rétt að veiði hafi verið stunduð í ánni en eingöngu með leyfi eigenda Vallartorfunnar og í þeirra fylgd.

Stefndu byggja á því að verðmæti verði ekki hefðuð nema lagaheimild komi til. Hefðarlög séu undanteking frá þessari meginreglu og beri að skýra ákvæði laganna þröngt. Sé hefðarlögum ætlað að styrkja eignarréttindi sem fyrir séu, en ekki að koma á aðilaskiptum á eignarrétti. Þá telja stefndu að ófrávíkjanlegar lagareglur um bann við aðskilnaði veiðiréttar frá landi girði fyrir það að hefð vinnist á veiðirétti.

Stefndu byggja á því að veiðiréttindi myndu flokkast undir ósýnilegt ítak, sbr. 8. gr. hefðarlaga og þurfi veiði Kotvallarmanna að hafa staðið samfelld yfir í 40 ár til að veiðiréttur geti stofnast fyrir hefð. Hafi engin gögn verið lögð fram um svo langan veiðitíma Kotvallar í ánni og þá hafi komið löng tímabil á síðustu öld þar sem enginn frá Kotvelli veiddi þar, m.a. vegna útleigu árinna, Heklugoss og fiskræktunar. Sé því ósannað að veiðiréttur hafi stofnast til handa stefnanda fyrir hefð.

Stefndu vísa til lax- og silungsveiðilaga nr. 61/1932, 112/1941, 53/1957 og 76/1970, vatnalaga nr. 15/1923, laga nr. 46/1905 um hefð, laga um meðferð einkamála og varðandi virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er vísað til laga nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefnda dánarbús Bergsteins Gizurarsonar.

Stefndi byggir á því að jörðin Kotvöllur hafi aldrei átt land að Eystri Rangá og hafi stefnandi engin gögn lagt fram sem sanni þá fullyrðingu. Lögfestur þær er stefnandi byggir á séu einhliða yfirlýsingar af hálfu ábúenda eða fyrrum ábúenda Kotvallar sem sanni ekki fullyrðingu stefnanda. Að því er yfirlýsingu Þuríðar Ólafsdóttur varðar sé ljóst að nes það við Rangá sem hún lýsi sé í landi Efra-Hvols og því Vallartorfunni óviðkomandi. Í landamerkjamálinu frá 1922 hafi eigendur Kotvallar gert kröfu um að þeir fengju viðurkenndan eignarrétt í svonefndu Efra-Hvolsnesi sem sé gegnt Stóra-Hofi við Rangá. Við meðferð málsins hafi umráðamaður Kotvallar fallið frá þessari kröfu með því að færa kröfulínu sína úr beinni stefnu út í Rangá í Flóðalækjarkjafi. Allt að einu sé ljóst að niðurstaða dómsins hafi ekki falið í sér eignarrétt á þessu svæði. Stefndi byggir á því að í dómnum frá 1922 hafi lögfestunum verið hafnað sem sönnunargögnum og hafi kröfulína Efra-Hvols verið samþykkt að öðru leyti en því að dómendur hafi hlaðið vörðu sem línan hafi verið dregin í að því er virðist í þeim eina tilgangi að koma í veg fyrir að beitarhús Kotvallar lentu í landi Efra-Hvols. Hafi Völlur ásamt hjáleigum verið aðili að málinu frá upphafi og hafi aðildin verið skýrð með þeim hætti að hún væri tilkomin vegna þess möguleika að Vallartorfa ætti óskipt beitiland með Kotvelli. Í yfirlýsingu sem lögð hafi verið fram í málinu hafi eigendur torfunnar hafnað því að eiga sambeit með Kotvelli og lýst þeim skilningi sínum að endamark marka á milli Vallartorfulands og Efra-Hvols vestanmegin Kotvallar sé þúfa vestan við Flóðalæk eða Flóðalækjarkjafi. Jafnframt hafi þeir lýst því yfir að þar sem ekki væri ágreiningur á milli þeirra og Efra-Hvols væri landamerkjamálið þeim óviðkomandi. Hafi dómendur þá bókað að þar sem eigendur Vallar með hjáleigum hafi sagt sig frá málinu sé landamerkjamálið

framvegis aðeins á milli eigenda Efra-Hvols og Kotvallar. Hafi umboðsmaður Kotvallar mótmælt þessari framlagningu með þeim orðum að eigendur Vallartorfunnar hafi ekki getað samið við Efra-Hvol um landamerkjalinu og endamark á milli Kotvallar og Efra-Hvols við Rangá og hljóti hann því að halda fast við sömu kröfur um að Kotvöllur eigi land að öllu leyti móti Efra-Hvoli ofan úr heiði og vestur í Rangá. Ljóst sé af málatilbúnaði eigenda Efra-Hvols að miðað sé við að mörk Vallartorfu og Efra-Hvols liggi saman við ána og með yfirlýsingunni séu Vallarbændur að lýsa merkjum milli Vallar og Efra-Hvols vestanmegin við land Kotvallar en fram komi að merkin liggi við Rangá. Stefndi dregur í efa að Kotvöllur hafi átt land að þúfunni og telur að merki Kotvallar hafi verið mun lengra frá ánni. Jafnvel þó litið yrði svo á að landamerkjalinu Kotvallar hafi eftir dóminn legið í þúfuna sé ljóst að hún hafi aldrei náð að ánni. Hafi fyrirsvarsmaður Kotvallar gert kröfu um að miðað yrði við Flóðalækjarkjaft en fyrirsvarsmaður Efra-Hvols hafi krafist þess að miðað yrði við þúfuna vestan við Flóðalækinn. Stefnda virðist eina skýringin á málatilbúnaði aðila sú að með því að tala um endamark séu Vallarbændur að aðgreina merki sín frá hinu umdeilda svæði þannig að með þúfunni sé fundið landamerki þriggja jarða, Kotvallar, Efra-Hvols og Vallartorfu. Eigi Vallartorfa land frá þúfunni að ánni en Flóðalækurinn skipti merkjum milli Efra-Hvols og Vallartorfu frá þúfunni að Eystri Rangá. Segir stefndi þessa skýringu samrýmast málatilbúnaði og bókunum allra aðila og bendir sérstaklega á bókun umráðamanns Kotvallar í landamerkjamálinu 19. september 1922. Í málinu sé ekki sérstaklega vikið að ágreiningi aðila um hvort merki Kotvallar skuli miðast við þúfuna eða Flóðalækjarkjaft en með því hljóti að vera átt við mynni Flóðalækjar við Rangá. Sé þó ljóst að í niðurstöðu dómsins sé miðað við þúfuna þannig að kröfur Efra-Hvols og Vallartorfu séu teknar til greina að því er endamarkið varði.

Stefndi byggir á því að landamerkjadómurinn staðfesti að Kotvöllur hafi aldrei átt land að ánni enda geti land Efra-Hvols og Vallar ekki legið saman við ána ef land Kotvallar sé á milli. Geti stefnandi ekki óskað endurskoðunar á þeim dómi í þessu máli. Stefndi bendir á að eigandi Kotvallar hafi við landskiptin 1963 enga kröfu gert um að fá land að ánni, heldur hafi landamerkin verið ákveðin marga kílómetra frá henni. Verði að telja mjög ólíklegt að eigandi Kotvallar hefði sætt sig við að missa land að ánni ef hann teldi sig eiga það í raun. Stefndi bendir á að í fasteignamatbók frá 1916 komi hvergi fram að Kotvöllur eigi veiðirétt í Rangá en í lýsingu Efra-Hvols og Vallar sé það sérstaklega tekið fram.

Stefndi byggir á því að við úrlausn um land Kotvallar að Rangá að fornu eigi að miða við landamerki Kotvallar eins og þau hafi verið ákveðin 1963 í tengslum við landskipti Vallartorfu. Vilji stefnandi halda því fram að önnur merki hafi áður gilt beri hann sönnunarbyrðina fyrir því. Verði því krafa um veiðirétt í Eystri Rangá ekki byggð á fyrrum eignarrétti stefnanda á landi sem liggi að ánni og ber því að hafna þeirri málsástæðu stefnanda.

Stefndi mótmælir því að við landskiptin 1963 hafi Kotvöllur átt land í óskiptri sameign með Vallartorfu og komi fram í nýrri jarðabók fyrir Ísland sem staðfest hafi verið með tilskipun 1. apríl 1861 að Kotvöllur sé ekki talinn meðal hjáleigna Vallar. Þá bendir stefndi á að í öllum lýsingum af landamerkjum Kotvallar sem lagðar hafi verið fram séu landamerki Kotvallar gagnvart Vallartorfu afmörkuð a.m.k. að hluta og hvergi minnst á óskipta sameign með Velli. Mæli þetta á móti því að um óskipta sameign hafi verið að ræða. Stefndi mótmælir því sérstaklega að

ástæða þess að landamerkjum Kotvallar sé ekki lokað til norðvesturs í lögfestum sé sú að landið norðvestan við Kotvöll hafi verið í sameign með jörðum í Vallartorfu. Stefndi telur lítið gagn í landamerkjum sem ekki loki landamerkjum jarðar. Hafi umráðamönnum Kotvallar verið í lófa lagið að lýsa merkjunum auk þess að lýsa merkjum hinnar ætluðu sameignar. Sennilegri skýring sé að lögfesturnar hafi fyrst og fremst verið ætlaðar til að styðja baráttu umráðamanna Kotvallar gagnvart Efra-Hvoli, en ágreiningur hafi verið um rétt Kotvallar til beitar í Íraheiði og Efra-Hvolsnesi. Sé ólíklegt að jörðinni Kotvelli hafi verið skipt út úr Velli að hluta en ekki að öllu leyti eins og stefnandi gefi í skyn. Sé ljóst að við landskiptin hafi allar jarðirnar í Vallartorfu verið óskiptar og hafi stefnandi engin gögn lagt fram sem styðji að Kotvelli hafi verið skipt út að hluta en ekki öllu fyrir landskiptin. Þá bendir stefndi á yfirlýsingu Vallartorfubænda í landamerkjamálinu frá 1922 en af henni sé ljóst að sameiginlegt beitarland hafi ekki verið viðurkennt af hálfu Vallartorfu á þeim tíma, hvað þá síðar eins og stefnandi haldi fram. Þá sé ljóst að dómurinn gangi út frá því að ekki sé um sameign að ræða á beitilandi með því að breyta aðildinni í málinu með þeim hætti sem gert var.

Stefndi telur koma skýrt fram í landskiptagerðinni 1963 að áður en Vallartorfu hafi verið skipt hafi orðið að athuga afstöðu Kotvallar gagnvart henni, enda hafi verið talinn vafi um hana. Sé algerlega augljóst að mati stefnda að tekin hafi verið af öll tvímæli um ætlaða sameign, enda hafi Vallartorfunni síðar verið skipt eftir að landamerki Kotvallar hafi verið ákveðin, sbr. 9. gr. landskiptalaga nr. 46/1941. Hafi enginn ágreiningur verið við skiptin og ljóst að úrlausn á grundvelli landamerkjalaga hefði aðeins komið til álita ef svo hefði verið. Stefndi mótmælir því harðlega að landskiptagerðin hafi falið í sér skiptingu Kotvallar og Vallartorfu eins og stefnandi haldi fram.

Stefndi byggir einnig á því að veiðilöggjöf standi í vegi fyrir því að veiðiréttur sé skilinn frá landi sem liggja að vatnsfalli og vísar til greinargerðar meðstefndu að því er þetta atriði varðar.

Stefndi mótmælir því harðlega að aðild eigenda Kotvallar frá 1960 í veiðifélagi eða samþykktir þess félags geti skapað veiðirétt honum til handa. Þá mótmælir stefndi því að samþykkt arðskrár vegna Eystri Rangár geti skapað stefnanda veiðirétt og bendir á að arður hafi aldrei verið greiddur til Kotvallar vegna veiði í Eystri Rangá. Stefndi vísar til greinargerðar meðstefndu að því er þetta atriði varðar. Stefndi bendir á að eigendur Kotvallar hafi ekki verið aðilar að veiðifélagi frá upphafi og sýni þetta að jörðin hafi á fyrri tímum ekki átt veiðirétt í Eystri Rangá.

Stefndi mótmælir því að aðild að veiðifélagi feli í sér viðurkenningu á veiðirétti og fær ekki séð að viðurkenningarkrafa um veiðirétt er byggt á fundarsetu og þátttöku í störfum veiðifélags eigi að beinast að stefndu einum af félagsmönnum í veiðifélaginu. Ætti slík krafa að beinast að öllum félagsmönnum jafnt og væri þá um samaðild að ræða sem hefði í för með sér frávísun án kröfu. Stefndi bendir á að fjöldi annarra aðila sem ekki hafi átt land að ánni eða veiðirétt virðist hafa tekið þátt í störfum félagsins og felist því engin viðurkenning á veiðirétti í athugasemdaleusum störfum fulltrúa Kotvallar í veiðifélaginu.

Stefndi byggir á því að hvorki aðild að veiðifélagi né samþykkt arðskrár eða aðrar samþykktir geti skapað stefnanda veiðirétt þar sem slíkur réttur sé andstæður

veiðilöggjöf fyrr og nú. Sú regla hafi gilt frá örófi alda að veiðiréttur verði ekki skilinn frá landi og eigi eigandi vatnsfalls einn veiði fyrir landi sínu. Stefndi vísar til greinargerðar meðstefndu að því er þetta sjónarmið varðar.

Stefndi mótmælir því að eigendur Kotvallar hafi unnið eignar- eða afnotarétt á veiðiréttindum fyrir hefð. Stefndi mótmælir því að um eignarhefð á fasteign geti verið að ræða, sbr. 1.-3. gr. hefðarlaga eða afnotahefð, sbr. 7. gr. laganna. Telja verði að veiðiréttindi hljóti að teljast til ósýnilegra ítaka, sbr. 8. gr. laganna. Í stefnu sé byggt á því að eigendur Kotvallar hafi á hverjum tíma hefðað veiðirétt fyrir því landi sem áður hafi verið í óskiptri sameign. Þar sem ekkert land hafi verið í óskiptri sameign Kotvallar og Vallartorfu beri þegar af þeirri ástæðu að hafna þessari málsástæðu stefnanda. Enda þótt Hermann Sveinsson, fyrrum ábúandi á Kotvelli, hafi í einhverjum tilvikum veitt á stöng í Eystri Rangá með leyfi eigenda Vallartorfu geti slíkt tólmstundagaman ekki talist nýting í skilningi hefðarlaga. Stefndi vísar til greinargerðar meðstefndu að því er þessa málsástæðu varðar.

Stefndi vísar til landskiptalaga nr. 46/1941 og landamerkjalaga nr. 41/1919. Þá er vísað til 116. gr. laga nr. 91/1991 og ákvæða Grágásar og Jónsbókar um veiðirétt, vatnalaga nr. 15/1923, lax- og silungsveiðilaga nr. 61/1932, 112/1941, 53/1957 auk síðari löggjafar á þessu sviði. Um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Málsaðila greinir á um það hvort stefnandi eigi sem eigandi jarðarinnar Kotvallar í Rangárþingi eystra, veiðirétt í Eystri Rangá og Fiská. Aðila greinir á um það hvort jörðin Kotvöllur hafi verið byggð úr jörðinni Velli og því átt land að Eystri Rangá. Stefnandi vísar til lögfestna frá 1731, 1753 og 1776, landamerkjadóms frá 1922 og landskiptagerðar frá 1963 og segir að eftir þau landskipti hafi Kotvöllur hvorki átt land að Eystri Rangá né Fiská. Þá byggir stefnandi á því að með aðild eigenda Kotvallar að Veiðifélagi Rangæinga frá stofnun þess 1960 hafi verið litið svo á að þeir ættu veiðirétt í Eystri Rangá. Stefnu halda því hins vegar fram að veiðifélagið hafi verið stofnað allnokkru fyrr og þá án aðildar eigenda Kotvallar. Stefnandi byggir á því að stefndu séu bundin við arðskrá sem samþykkt hafi verið á aðalfundi Veiðifélags Eystri Rangár 25. mars 1999 og birt í Stjórnartíðindum 26. apríl sama ár. Stefnu mótmæla þessari málsástæðu og telja raunar að sú arðskrá sem birt hafi verið í Stjórnartíðindum hafi ekki verið í samræmi við þá arðskrá sem borin hafi verið upp til samþykktar á aðfundi veiðifélagsins 25. mars 1999 og hafi Kotvelli með einhverjum hætti verið splæst aftan við Vallartorfunu. Þá er á því byggt að verði ekki á þessar málsástæður fallist leiði sjónarmið um hefð til þess að ábúendur Kotvallar hafi hefðað veiðirétt fyrir því landi Vallartorfu sem áður hafi verið í óskiptri sameign.

Stefndu, önnur en dánarbúið, byggja sýknukröfu sína aðallega á aðildarskortu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, þar sem stefnandi hafi aldrei átt land að bökkum Rangár, en það hafi frá örófi verið grundvallarskilyrði veiðiréttar.

Stefnandi byggir á því að það land sem skipt hafi verið 1963 hafi að stærstum hluta verið í óskiptri sameign Kotvallar og Vallartorfu. Hafi veiðihlunnindum ekki verið skipt, enda ekki heimilt nema í undantekningartilfellum, sbr. 3. gr. landskiptalaga nr. 46/1941. Stefnandi byggir á því að samkvæmt lögfestum fyrir Kotvöll og dómi landamerkjadóms Rangárvallasýslu frá 1922 hafi jörðin átt land að ánni.

Í lögfestunum frá 1731 og 1753 segir að suðvesturmörk Kotvallar séu frá Svarthóli og svo sjónhending rétta undan þessum takmörkunum út í Rangá. Þá kemur einnig fram í lögfestunum að jörðinni fylgi vötn og veiðiréttur. Í lögfestunni frá 1776 er lýsingin samhljóða hinum tveimur að því undanskildu að merkjum er ekki lýst út í Rangá. Lögfestan frá 1731 var lesin upp við Breiðabólstaðarkirkju 1731 að söfnuðinum áheyrandi en hinar voru lesnar upp á manntalsþingi Stórólshvols að þingsöfnuði áheyrandi. Við mat á því hvaða gildi lögfestur hafa þegar skera skal úr ágreiningi um eignarrétt að landi ber að hafa í huga að lögfesta hefur verið skilgreind þannig að um sé að ræða skriflegt bann eiganda eða ábúanda fasteignar gegn því að aðrir noti landið innan ákveðinna ummerkja. Er um að ræða einhliða lýsingu á merkjum og hafa lögfestur einar sér ekki verið taldar fullnægjandi gögn fyrir beinum eignarrétti í dómsmálum hér á landi.

Í dómi landamerkjadóms Rangárvallasýslu frá 20. september 1922 var leyst úr ágreiningi um landamerki milli eigenda Efra-Hvols og Kotvallar. Umboðsmaður Kotvallar gerði upphaflega þær kröfur að landamerkin yrðu ákveðin eins og í lögfestunum greinir út í Rangá. Undir rekstri málsins mun hann hafa lýst því yfir að hann gengist inn á að merkin yrðu ákveðin úr Grásteini í Leynigróf beina stefnu í Flóðalækjarkjaft. Fram kemur í dóminum að umboðsmaður Kotvallar hafi lagt fram í málinu 4 lögfestur kröfum sínum til stuðnings. Dómurinn féllst ekki á að umboðsmaður Kotvallar hefði með lögfestunum sannað landamerki Kotvallar gagnvart Efra-Hvoli. Þá var heldur ekki álitnið að færðar hafi verið sönnur á landamerkin með vottorðum þeim sem lögð hefðu verið fram. Tekur dómurinn fram að verði landamerkin úr Leynigróf ákveðin sjónhending rétta út í Rangá eins og lögfesturnar geri ráð fyrir teljist stór spilda úr Efra-Hvolsnesi sem viðurkennd hafi verið réttmæt eign þeirrar jarðar, eign Kotvallar. Taldi dómurinn því ekki unnt að taka kröfur umráðamanns Kotvallar að því leyti til greina. Voru landamerkin því ákveðin úr Mið-Grjóthól á Íraheiði beina stefnu í vörðu sem dómendur höfðu sett upp á háa þúfu spölkörn fyrir vestan sauðahúsin á Kotvelli og þaðan beina stefnu í þúfu fyrir vestan Flóðalækinn út við Rangá.

Við upphaf landskiptanna 15. júlí 1963, þar sem meðal annars fulltrúar Kotvallar voru viðstaddir, kom í ljós að nokkur vafi lék á um landamerki Kotvallar og afstöðu þeirrar jarðar gagnvart Vallartorfu og í samræmi við ákvæði 9. gr. laga nr. 46/1941 leituðu úttektarmenn samkomulags um landamerkin. Að loknum umræðum náðist samkomulag um landamerkin og verður ekki annað ráðið af því samkomulagi en að miðað hafi verið við þau landamerki sem mörkuð voru með landamerkjadóminum frá 1922. Að því búnu var frekari skiptum frestað um óákveðinn tíma og þeim síðan fram haldið 7. september 1963 að frátöldum umboðsmönnum Kotvallar. Dómurinn telur ljóst af því sem hér hefur verið rakið að jörðin Kotvöllur hafi hvorki átt land að Eystri Rangá né Fiská. Þá telur dómurinn að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á að Kotvöllur hafi átt land í óskiptri sameign með Vallartorfu. Samkvæmt áður- og nügildandi lax- og silungsveiðilögum verður veiðiréttur ekki skilinn frá jörð og þá er það rótgróin regla íslensks réttar að landeigandi eigi einn rétt til veiða á landi sínu og vötnum.

Verður málsástæðum stefnanda sem byggja á því að hann hafi átt land að Eystri Rangá allt til ársins 1963 því hafnað. Með sömu rökum og hér að framan eru rakin verður ekki talið að aðild að veiðifélagi veiti stefnanda veiðirétt eins og hann hefur krafist. Hvað sem líður gildi umræddrar arðskrár verður ekki talið að samþykki og birting hennar veiti stefnanda veiðirétt en hugsanlegt er að stefnandi eigi rétt á arðgreiðslum af veiðinni án þess að til veiðiréttar hafi stofnast. Í máli þessu er einungis krafist viðurkenningar á veiðirétti og verður því ekki frekar fjallað um hugsanlegan rétt stefnanda að þessu leyti.

Stefnandi byggir einnig á því að eigendur Kotvallar hafi á hverjum tíma hefðað veiðirétt fyrir því landi sem áður hafi verið í óskiptri sameign. Þar sem í þessum dómi hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ekkert land hafi verið í óskiptri sameign Kotvallar og Vallartorfu verður að hafna þessari málsástæðu stefnanda. Þá ber til þess að líta að þrátt fyrir að í máli þessu hafi verið sýnt fram á að eigendur og ábúendur hafi veitt í ánni hafi á síðustu öld komið löng tímabil þar sem enginn frá Kotvelli veiddi þar, m.a. vegna útleigu árinna, Heklugoss og fiskræktunar. Samkvæmt framansögðu er því ósannað að veiðiréttur hafi stofnast til handa stefnanda fyrir hefð.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli aðila og milli stefnanda og réttargæslustefnda falli niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, dómstjóri kvað upp dóminn. Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna en dómari og lögmenn aðila töldu endurflutning óþarfan.

DÓMSORÐ:

Stefndu, Lúðvík Gizurarson, db. Bergsteins Gizurarsonar, Jón Benediktsson, Svala Jónsdóttir, Jónshús ehf., Félagsvöllur ehf., og Ingvar Þorsteinsson, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Skógræktarfélag Rangæinga, í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila og milli stefnanda og réttargæslustefnda Veiðifélags Eystri Rangár fellur niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.